

## Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.

Þjóðminjasafni Íslands, 27. maí 2020, kl. 13:15.

1. **Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Anna Guðný Ásgeirsdóttir formaður Rekstrarfélags Sarps (RS) setti fundinn kl. 13:15. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri. Var það einróma samþykkt. Fundarstjóri tók til máls og lagði til að Gerður Róbertsdóttir væri fundarritari sem var einróma samþykkt.
2. **Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri lýsti fundinn löglega boðaðan og fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

Heiti safns	Eignarhlutur safns	Viðvera á aðalfundi 2020	Nafn þess sem fer með umboð
Þjóðminjasafn Íslands	32,5	32,5	Þorbjörg Gunnarsdóttir
Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur)	9,0	9,0	María Karen Sigurðardóttir
Listasafn Íslands	7,0	7,0	Anna Guðný Ásgeirsdóttir
Minjasafnið á Akureyri	6,0		
Byggðasafnið Skógum	4,5	4,5	Guðrún Helga Jónsdóttir
Meningarmiðstöð Þingeyinga	2,5		
Byggðasafn Skagfirðinga	3,5		
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	2,0	2,0	Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir
Listasafn Kópavogs Gerðarsafn	2,0		
Hafnarborg	2,0	2,0	Ágústa Kristófersdóttir
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	1,5	1,5	Guðný Dóra Gestsdóttir
Meningarmiðstöð Hornafjarðar	2,0		
Sildarminjasafn Íslands	1,5	1,5	Anita Elefsen
Minjasafn Austurlands	1,5		
Listasafn Reykjanesbæjar	1,5		
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1,5		
Safnahús Borgarfjarðar	1,5		
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1,5		
Nýlistasafnið	1,0		
Byggðasafnið Akranesi	1,5		
Örnefnasafn Árnastofnunar	1,0		
Hönnunarsafn Íslands	1,0	1,0	Þóra Sigurbjörnsdóttir
Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll	1,0		
Tækniminjasafn Austurlands	1,0		
Listasafn ASÍ	1,0		
Byggðasafn Garðskaga	1,0		
Minjasafnið Bustarfelli	1,0		
Byggðasafn Vestfjarða	1,0		

Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1,0		
Byggðasafnið Reykjum	1,0		
Minjastofnun Íslands ( áður húsafriðunarnefnd)	0,5		
Ljósmyndasafnið Ísafirði	0,5		
Listasafn Árnesinga	0,5		
Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti	0,5		
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	0,5		
Byggðasafn Dalamanna	0,5		
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0,5	0,5	Sveinbjörg Sveinsdóttir
Landbúnaðarsafn Íslands	0,5		
<b>Samtals</b>	<b>100,0</b>	<b>61,5</b>	

Fundinn sátu einnig: Gerður Eygló Róbergsdóttir verkefnisstjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur, Inga Lára Baldvinsdóttir sviðsstjóri Ljósmyndasafns og Þorvaldur Böðvarsson skráningarstjóri hjá Þjóðminjasafni Íslands, Dagný Heiðdal, varðveisl- og skráningarstjóri, Elín Guðjónsdóttir, fagstjóri heimildasafns og Harpa Þórsdóttir safnstjóri frá Listasafni Íslands, Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs, Símon Hjalti Sverrisson f.h. Stofnunar Wilhelms Beckmann Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri, Vala Gunnarsdóttir fagstjóri Sarps, Cecilie Gaihede fráfarandi fagstjóri Sarps í afleysingu

3. **Árskýrsla stjórnar RS:** Anna Guðný Ásgeirsdóttir formaður framkvæmdastjórnar RS kynnti skýrslu stjórnar RS árið 2019.
4. **Ársreikningar RS:** Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri RS, kynnti ársreikning RS vegna ársins 2019.
5. **Umræður:** Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning. Engar athugasemdir og ársreikningurinn samþykktur samhljóða.
6. **Tillaga um framlag í þróunarsjóð** lögð fram. Sveinbjörg Sveinsdóttir kynnti tillögu framkvæmdastjórnar RS um 6 milljóna framlag á árinu 2020, tillagan samþykkt samhljóða.
7. **Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:** Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráði og var hún samþykkt samhljóða.
  - Þorbjörg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjármála- og þjónustu Þjms. **Formaður ráðsins**
  - Anna Guðný Ásgeirsdóttir, fjármála- og mannauðsstjóri Listasafns Íslands
  - Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands
  - Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar
  - Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri hjá Minjastofnun Íslands
  - Dagný Heiðdal, varðveisl og skráningarstjóri Listasafns Íslands
  - Gerður Róbertsdóttir, verkefnastjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur
  - Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri
  - Inga Lára Baldvinsdóttir, sviðsstjóri Ljósmyndasafns Þjóðminjasafns Íslands


8. **Kosning endurskoðenda:** Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Bakland endurskoðun og ráðgjöf ehf. yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga fyrir 2020. Var það samþykkt.
9. **Breytingar á samþykktum:** Lögð var fram tillaga um breytingu á heimilisfangi félagsins í grein 1.2 í samþykktum. Tillaga samþykkt.
10. **Önnur mál:** Sveinbjörg kvaddi sér hljóðs varðandi umræðu í framkvæmdastjórn um breytingar á samþykktum varðandi eignarhlut og nýja aðila. Nauðsynlegt að hefja umræðu um tilhögun þessara mála.

Fleiri mál voru ekki lögð fyrir og fundi slitið kl. 14:06.

Í beinu framhaldi af aðalfundi voru flutt tvö stutt fræðsluerindi um Sarp. Cecilie Gaihede, fráfarandi fagstjóri Sarps í afleysingu fór yfir ýmsar tölulegar staðreyndir um Sarp. Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs sagði frá samstarfi við RS vegna eftirlits með skráningu í Sarp vegna styrkja sem fást til skráningar úr safnasjóði frá og með styrkárinu 2020.



Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri



Gerður Róbertsdóttir, fundarritari